

Ísland -in
Íslanddætur -in
Íslanddrottinn -inn
Íslandsfön -in -fönur; -fönur
Íslandsglima -n -glima; -glima
Íslandshaf -ið -haf
Íslandsmeistari -n -meistari; -meistarar
meistaramót -n -mót
Íslandsmet -ið -mets; -met
Íslandssléttbakur -inn
-sléttbaks; -sléttbakar
Ísleifur Ísleif, Ísleifi, Ísleifs
Íslendingasaga -n -sögu;
-sögur, EF. FT. -sagna
Íslendingur -inn -ings;
-ingar
Íslenska 1 -n -lensku
Íslenskukennari; Íslenskunám;
Íslenskumælandi 2 -lenskaði;
-lenskað
Íslenska skáldsögu
-lenskast
Íslenskufraeðingur -inn
-ings; -ingar

Ísrek -ið -reks
Ísrekja -n -rækja; -rækjur,
EF. FT. -randar; -rendur /
-randir
Íssalat -ið -salats; -salöt
Íssigling -in -siglingar;
-siglingar
Ísskápur -inn -skáps; -skápar
Ísskrið -ið -skriðs
Ísskúta -n -skútu; -skútur,
EF. FT. -skútna
Ísskæni -ð -skænis
Ístað -ið -staðs; -stöð
Ístjórn -in -stjórnar
Ístoppur -inn -topps; -toppar
Ístra -n Ístru; ístrur, EF. FT.
ístrumagi
Ístrubelgur -inn -belgs /
-belgjar; -belgir



Tími aðgerða fyrir okkar mál

Eflum íslenskt mál til framtíðar

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

„Ef íslenskan hverfur
tapast þekking og við
hættum að vera þjóð.”

Vigdís Finnbogadóttir



Það er mikið í húfi


- Bóksala hefur dregist saman um 36% á síðastliðnum tíu árum.
- Læsi íslenskra barna hefur hrakað.
- Rekstur fjölmiðla er þungur, samkeppnisstaðan skökk og tæknibreytingar draga úr tekjumöguleikum þeirra.
- Íslenskan situr eftir á tækniöld, á meðan fólk talar við tölvur og tæki á öðrum tungumálum.

Heildstæð aðgerðaráætlun í fjórum liðum

1. Eflum íslenska bókaútgáfu haust 2018
2. Styðjum við einkarekna fjölmiðla janúar 2019
3. Íslenska í stafrænum heimi á áætlun
4. Stefnumiðaðar aðgerðir í 22 liðum haust 2018



Við erum bókaþjóð



1. Eflum íslenska bókaútgáfu

VIÐ VILJUM:

- Stuðla að auknum lestri.
- Bæta læsi hjá börnum og ungmennum.
- Stuðla að blómlegri bókaútgáfu á íslensku, vegna menningarlegs mikilvægis ritaðs máls.

VIÐ MUNUM:

- Setja á laggirnar nýtt stuðningskerfi fyrir íslenska bókaútgáfu sem felur í sér endurgreiðslu á allt að 25% útgáfukostnaðar.
- Veita sérstaka styrki til ritunar og útgáfu barna- og unglingsbóka.
- Framfylgja bókmennningarstefnu.



1. Eflum íslenska bókaútgáfu

Ríkisstjórnin lofaði að styðja við bókaútgáfu. Það verður gert með aðgerðum sem valda munu straumhvörfum.

- Áætlað framlag er 400 milljónir kr.
- Frumvarp verður lagt fram haustið 2018.
- Lög um endurgreiðslur taki gildi 1. janúar 2019.





PRENT

ÚTVARP

SJÓNVARP


VEFUR

ÁRANGUR

Jafnvægi á íslenskum fjölmiðlamarkaði

2. Styðjum við einkarekna fjölmiðla

Opinber stuðningur við einkarekna fjölmiðla á Norðurlöndum



2. Styðjum við einkarekna fjölmiðla

VIÐ VILJUM:

- Bæta rekstrarumhverfi ritstýrðra íslenskra fjölmiðla sem miðla fréttum, fréttatengdu efni og gegna mikilvægu samfélagshlutverki.
- Efla einkarekna fjölmiðla í samkeppni við Ríkisútvarpið og erlenda vefmiðla.
- Að íslenskt efni í fjölmiðlum, hvort heldur frumgert, þýtt, textað, textað á táknmáli eða talsett, verði áfram einn af hornsteinum íslenskrar tungu.

VIÐ MUNUM:

1. Endurgreiða hluta ritstjórnarkostnaðar rit- og ljósvakamiðla.
2. Draga úr umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og skapa svigrúm fyrir aðra til að auka sínar tekjur.
3. Lækka virðisaukaskatt á rafrænar áskriftir.
4. Auka opinberan stuðning við textun, táknmálstúlkun og talsetningu í myndmiðlum.
5. Samræma skattlagningu á auglýsingum svo íslenskir fjölmiðlar standi jafnfætis erlendum netmiðlum.
6. Auka gagnsæi í opinberum auglýsingakaupum.

2. Styðjum við einkarekna fjölmiðla

- Aðgerðirnar marka þáttaskil í íslenskri fjölmiðlun.
- Þær eru í samræmi við yfirlýsingar í stjórnarsáttmála.
- Árlegt framlag vegna þeirra verður 400 milljónir kr.
- Lagafrumvarp er í smíðum og verður lagt fram í janúar 2019.
- Áætlað er að endurgreiðslur byrji 2019.



2. Styðjum við einkarekna fjölmiðla – Ríkisútvarpið

Umsvif Ríkisútvarpsins á samkeppnismarkaði dragist saman um 560 milljónir króna.

- Kostun dagskrárliða verði hætt.
- Lækkun hámarksfjölda auglýsingamínútna úr 8 í 6 á klst.
- Skapar tækifæri fyrir einkarekna fjölmiðla að afla sér aukinna tekna.



Tunga og tækni fylgist að



3. Íslenska í stafrænum heimi - máltækniverkefni

VIÐ VILJUM:

- Tryggja að íslenska sitji ekki eftir, heldur verði gjaldgeng í samskiptum og vinnslu upplýsinga sem byggja á tölvu- og fjarskiptatækni.
- Byggja upp innviði fyrir íslenska máltækni, s.s. talgreini, talgervla, þýðingarvél og málrýni / leiðréttingarforrit.

VIÐ MUNUM


- Setja á laggirnar máltæknimiðstöð í samstarfi við sjálfseignarstofnunina Almennaróm, sem hefur umsjón með margvíslegum verkefnum á þessu sviði.
- Auka þekkingu og vitund stofnana, fyrirtækja og einstaklinga um möguleika sem felast í máltækni.



3. Íslenska í stafrænum heimi

- Verkáætlunin *Máltækni fyrir íslensku 2018-2022* er að fullu fjármögnuð.
- Áætlað heildarframlag ríkisins er 2,2 milljarðar kr.





Vatnaskil á fullveldisári

4. Stuðningur í verki með stefnumiðuðum aðgerðum

VIÐ VILJUM:

- Að íslenska verði áfram notuð á öllum sviðum samfélagsins.
- Að menningarstofnanir leggi áherslu á aukið framboð menningarefnis á íslensku.
- Að íslenskukennsla verði eflað á öllum skólastigum.

VIÐ MUNUM:

1. Móta nýja íslenska málstefnu
2. Gera málstefnu um íslenskt táknmál.
3. Standa fyrir vitundarvakningu um mikilvægi íslenskunnar í samfélaginu.
4. Setja viðmiðunarreglur um notkun íslensku í upplýsinga- og kynningarefni hjá hinu opinbera.
5. Efna til öflugs samstarfs og aðgerða á öllum stigum menntakerfisins.



4. Stuðningur í verki með stefnumiðuðum aðgerðum

6. Starf orðanefnda eflt svo íslenskur fræðiorðaforði og íðorðastarf eflist.
7. **Íslenska eflid sem kennslutunga.**
8. **Framtíð** íslenskrar tungu í **stafrænum heimi** verði tryggð. Unnið verði samkvæmt verkáætlun um máltækni fyrir íslensku 2018–2022.
9. **Aðgengi** almennings að orða- og málfarssöfnum á netinu verði tryggt notendum að kostnaðarlausu.
10. Stuðlað verði að aðgengi nemenda á öllum skólastigum að fjölbreyttu og vönduðu stafrænu námsefni á íslensku á sem flestum námssviðum.
11. Almenn skilyrði **bókaútgáfu** verði bætt og henni búið hagfellt viðskiptaumhverfi.
12. **Bókmenntasjóður** fyrir barna- og unglingsbækur verði eflur til að styðja við fjölbreytta útgáfu lesefnis á íslensku.
13. **Innlend dagskrárgerð** fyrir ljósvakamiðla verði eflur og tryggt aðgengi að fjölbreyttri fjölmiðlun og sjónvarpsþáttagerð á íslensku.
14. Unnið verði áfram að verkefnum sem tengjast **Þjóðarsáttmála um læsi** og tryggja skal aðkomu bókasafna, rithöfunda og fjölmiðla að verkefnum.
15. Þeir sem búsettir eru á Íslandi og hafa annað móðurmál en íslensku, börn jafnt sem fullorðnir, fái viðeigandi og jafngild **tækifæri til íslenskunáms og stuðning** í samræmi við þarfir hvers og eins.
16. Haldið verði uppi **öflugri háskólakennslu og rannsóknarstarfsemi** í íslensku og íslenskum fræðum, bæði grunnrannsóknnum og hagnýtum rannsóknnum.
17. **Vægi íslensku verði stóraukið** í almennu kennaranámi og áhersla lögð á að þjálfa kennaraefni í að nýta málkunnáttu nemenda og sköpunargleði til að byggja upp jákvætt viðhorf þeirra til íslensku.
18. **Menntakerfið verði styrkt** svo það verði fært um að takast á við nýjan, fjöltyngdan og fjölmenningslegan nemendahóp.
19. Stutt verði við starfsþróun kennara í þeim tilgangi að efla lærdómssamfélag skóla og stuðla að fjölbreyttum kennsluháttum.
20. **Starfsemi skólasafna** verði eflur með áherslu á aukna þjónustu við nemendur og aðgengi að nýju og fjölbreyttu lesefni á íslensku.
21. Settur verði **hæfniramma um íslenskunám innflytjenda** og viðeigandi námsleiðir þróaðar með auknu framboði námskeiða og námsefnis á öllum stigum. Samhliða verði útbúið rafrænt matskerfi til að meta hæfni fullorðinna innflytjenda í íslensku.
22. Styrkja skal stoðir **íslenskukennslu á erlendri grundu**.



Heildstæð aðgerðaráætlun í fjórum liðum

Aðgerðir:	Fjárfesting 2019-2022:
1. Eflum íslenska bókaútgáfu	1,6 ma.kr.
2. Styðjum við einkarekna fjölmiðla	2 ma.kr.
3. Tryggjum stafræna framtíð	2,2 ma.kr.
4. Þingsályktunartillaga í 22 liðum	0,100 ma.kr

